



Fundargerð

53. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, fimmtudaginn 24. mars 2022, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Á fund hreppsnefndar er mættur Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi KPMG, til að kynna og fara yfir framlagðan ársreikning Ásahrepps 2021 og Ásaljóss 2021.

1. Ársreikningur Ásaljóss 2021 - 2203038

Ársreikningur Ásaljóss 2021 lagður fram til staðfestingar.

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi, kynnti niðurstöður ársreiknings. Haraldur og Valtýr svöruðu framkomnum fyrirspurnum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Ásaljóss greiði hluta skuldar Ásaljóss við Ásahrepp, kr. 6.000.000 á árinu 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps áritaði síðan ársreikning Ásaljóss 2021 rafrænt með Signet.

2. Ársreikningur Ásahrepps 2021 - 2203042

Ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2021 lagður fram til fyrri umræðu.

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi, ásamt Valtý Valtýssyni gerðu grein fyrir ársreikningi Ásahrepps 2021 og svöruðu fyrirspurnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa ársreikningi til síðari og lokaumræðu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar.

3. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2022 og hefst fundurinn klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 09:45.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Egill Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Jóhann Gíslason

Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason